

Sp.

378. Svar

[42. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um varnarsvæði.

1. Hver eru hin svokölluðu „varnarsvæði“ samkvæmt hverndarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 1951?

Í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, sem hefur lagagildi, sbr. lög nr. 110/1951, segir svo í 2. gr.

„Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að í té verði látin aðstaða sú sem veitt er með samningi þessum og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenskum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.“

Í samræmi við þessa grein varnarsamningsins hafa íslensk stjórnvöld síðan 1951 fengið varnarliðinu til afnota sjö svæði sem nefnast varnarsvæði.

Þau eru:

- a. á Keflavíkurflugvelli,
 - b. við Grindavík,
 - c. í Hvalfirði,
 - d. á Stokksnesi,
 - e. á Gufuskálum,
 - f. á Gunnólfsvíkurfjalli,
 - g. á Stigahlíðarfjalli.
- Sjá nánar fylgiskjal I.

2. Hvenær var hvert svæði ákveðið sem „varnarsvæði“?

- a. Á Keflavíkurflugvelli:
 1. núverandi aðalathafnasvæði varnarliðsins 1951,
 2. svæði vegna ratsjárstöðvarinnar á Miðnesheiði 1952,
 3. svæði vegna loranmiðunarstöðvar 1960.
- b. Við Grindavík vegna fjarskiptastöðvar 1952.
- c. Í Hvalfirði vegna olfubirgðastöðvar 1952 og 1969.

- d. Á Stokksnesi vegna ratsjárstöðvar 1953 og 1954.
- e. Á Gufuskálum vegna loranstöðvar 1959.
- f. Á Gunnólfsvíkurfjalli vegna ratsjárstöðvar 1986.
- g. Á Stigahlíðarfjalli vegna ratsjárstöðvar 1986.

3. *Hve stórt er hvert svæði að flatarmáli?*

| | |
|--------------------------------|------------|
| a. Á Keflavíkurlugvelli | 8592.0 ha. |
| b. Við Grindavík | 424.0 ha. |
| c. Í Hvalfirði | 48.0 ha. |
| d. Á Stokksnesi | 132.0 ha. |
| e. Á Gufuskálum | 53.0 ha. |
| f. Á Gunnólfsvíkurfjalli | 8.5 ha. |
| g. Á Stigahlíðarfjalli | 7.0 ha. |

4. *Hve mikið er/var greitt fyrir svæðið og hver eða hverjir tóku við greiðslunni? Ef um árlegt afgjald er að ræða óskast upplýst hve hátt afgjaldið hefur verið árlega og hver eða hverjir hafa tekið við greiðslunni.*

- a. Á Keflavíkurlugvelli.
 1. Núverandi aðalathafnasvæði varnarliðsins: Eign ríkissjóðs fyrir komu varnarliðsins.
 2. Ratsjárstöð á Miðnesheiði. Lóðaleiga 151 046 kr. tímabilið 15. ágúst 1985 til 15. ágúst 1986. Móttakendur: Garður hf., Miðnes hf. og Berent Magnússon.
 3. Loranmiðunarstöð í Miðneshreppi. Lóðaleiga 15 841 kr. tímabilið 1. júlí 1986 til 1. júlí 1987. Móttakendur: Guðrún Pálsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Hákon Magnússon og Hallur Guðmundsson.
- b. Grindavík.
 1. Svo til allt svæðið við Grindavík er í eigu ríkissjóðs, og var það keypt 1952 skv. matsverði fyrir þávirði 143 000 kr. Móttakendur fyrir hönd eigenda Einars G. Einarssonar og Svavars Árnasonar.
 2. Lóðaleiga vegna vatnsbóls tengt framangreindu svæði 21 457 kr. fyrir árið 1986. Móttakandi: Jón Tómasson.
- c. Hvalfjörður.

Jörðin Miðsandur keypt árið 1952 skv. matsverði fyrir þávirði 636 725 kr. Móttakendur: Gísli Brynjólfsson og Þorvaldur Brynjólfsson.
- d. Stokksnes.
 1. Lóðaleiga og hlunnindamissir 334 174 kr. Tímabil 1. mars 1986 til 1. mars 1987. Móttakandi: Jón Hjaltason hrl. í umboði eigenda.
- e. Gufuskálar.

Eign ríkissjóðs með eignarnámi 1955 áður en jörðin var gerð að varnarsvæði. Bætur þávirði 102 000 kr. Móttakandi: Margrét Lydia Tjell Þórðardóttir.
- f. Gunnólfsvíkurfjall.

Utanríkisráðuneytið hefur á leigu jörðina Gunnólfsvík I og II alls 2529 ha. Þar af er varnarsvæði 8,5 ha. Lóðarleiga 302 067 kr. fyrir alla jörðina. Tímabil 1. sept. 1986 til 1. sept. 1987. Móttakendur: Jenný Stefánsdóttir og Jóhannes Frímannsson.
- g. Stigahlíðarfjall.

Lóðarleiga 2633 kr. Tímabil 1. júlí 1985 til 1. júlí 1986. Móttakandi: Bolungarvíkurkaupstaður.

5. *Hefur utanríkisráðuneytið áform um að taka frekara land undir „varnarsvæði“?*
Ekki eru uppi áform um að taka frekara land undir varnarsvæði.

6. *Hafa borist óskir frá stjórn Bandaríkjanna um stærra landsvæði fyrir bandaríska herinn hér á landi?*
Nei.

7. *Verður höfnin í Helgúvík lýst sem varnarsvæði eða er ætlunin að taka höfnina inn á íslensk hafnalög?*

Keflavíkurkaupstaður leigir utanríkisráðuneytinu landspildu á Hólmsbergi norðan Helgúvíkur, samtals 13 hektarar, og er landspildan leigð vegna vegar að væntanlegum hafnargarði og viðlegukanti. Ákvörðun hefur ekki verið tekin hvort höfnin í Helgúvík verður lýst sem varnarsvæði eða hvort hún verður tekin inn á íslensk hafnalög.

Vakin skal athygli á því að við hönnun á mannvirkjum í Helgúvík hefur verið haft samráð við Hafnamálastofnun ríkisins og Siglingamálastofnun ríkisins.

8. *Hvar hafa varnarsvæðin verið tilkynnt? Í Lögbirtingablaði, Stjórnartíðindum eða annars staðar?*

Við komu varnarliðsins árið 1951 var því afhent landsvæði sem tekin höfðu verið eignarnámi á styrjaldarárunum. Þessi svæði voru mæld 1943 af Ágústi Bøðvarssyni sem kortlagði þau árið 1944. Fyrirverandi skipulagsstjóra ríkisins, Zophoníasi Pálssyni, var á sínum tíma falið að fylgjast með öllum breytingum sem orðið hafa á varnarsvæðum og skrá þær.


Að gerðum kaup- eða leigusamningi um land til afnota fyrir varnarliðið hefur varnarmálanefnd haft þann hátt á að tilkynna varnarliðinu bréflega á fundum nefndarinnar að tiltekið svæði sé fengið varnarliðinu til afnota. Þegar svæði hefur síðan verið skilað aftur hefur það gerst á sama hátt, þ.e. tilkynning hefur farið um hendur varnarmálanefndar.

Til upplýsinga skal þess getið að sveitarstjórnnum, sem eru í nábýli við varnarsvæðin, er vegna samskipta um skipulagsmál og fleira vel kunnugt um mörk þeirra. Árið 1984 fól varnarmálaskrifstofan Guðmundi Björnssyni, Verkfræðistofunni Hnit hf., að hnitsetja landamerki varnarsvæðanna þannig að óyggjandi vitneskja lægi fyrir um þau á hverjum tíma og að þeim yrði jafnframt komið í tölvutækt form með tilliti til nútímaskráningartækni. Þá er í undirbúningi á vegum Landmælinga Íslands kortagerð samkvæmt nýjustu tækni í mælikvarða 1:25 000 af Reykjanesi í samvinnu við sveitarfélögin þar syðra. Stefnt er að því að þessari kortagerð ljúki á árinu 1987 og allri úttektinni 1988. Nú þegar hefur umtalsverð vinna verið unnin við athuganir og sérkortagerð í Grindavík og Gerðahreppi.

Þegar upp verður staðið mun því ástand þessara mála verða með því besta sem þekkist á landinu með tilliti til hnitsetningar landamerkja og skráningar þeirra.

Með svarinu óskast birt kort af varnarsvæðinu.
Sjá fylgiskjal II.

Fylgiskjal 1.



Varnarsvæði á Íslandi 1986

Varnarsvæði - Reykjanesi 1986

